Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 4. febrúar 2026.
Málsnr. 2510016
HH/PBG

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Efni: Viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna.

Á 622. fundi stjórnar SSH, hinn 2. febrúar 2026, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

> **2510016 - Viðbragsteymi vegna ofbeldis meðal barna**
> *Sviðsstjórar velferðarsviða sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sóttu, undir forystu Reykjavíkurborgar, um styrk til mennta- og barnamálaráðuneytisins vegna stofnsetningar miðlægs bráða- og viðbragðsteymis vegna ofbeldis meðal barna á höfuðborgarsvæðinu. Fallist hefur verið á að veita styrk að fjárhæð 240.727.235 kr., og er honum ætlað að nýtast til launagreiðsla og kaupa á sérhæfðri ráðgjöf en ekki annars kostnaðar.*
> *Framangreint var kynnt á 617. fundi stjórnar SSH og skrifstofu SSH þá falið að taka þátt í nánari útfærslu og samningagerð í tengslum við ofangreint verkefni í samvinnu við samráðshóp á sviði velferðarmála.*
>
> *Nú eru fyrirliggjandi drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna og drög að verklagsreglum bráða- og viðbragðsteymis og stýrihóps. Gerð er tillaga um að þeim verði vísað til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna. Einnig liggja fyrir drög að samstarfsyfirlýsingu vegna þátttöku Barna- og fjölskyldustofu og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í þessu verkefni.*
> *Þá liggja fyrir til kynningar styrkumsókn vegna verkefnisins og styrktarsamningur mennta- og barnamálaráðuneytis við Reykjavíkurborg, dags. 6. nóv. 2025.*
>
> *Rannveig Einarsdóttir kynnir. Umræður.*
>
> **Niðurstaða fundar:**
> Stjórn SSH samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og er skrifstofu SSH falið að senda fyrirliggjandi drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna og drög að verklagsreglum bráða- og viðbragðsteymis og stýrihóps til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.

Á grundvelli ofangreinds er farið fram á að meðfylgjandi drög að samstarfssamningi, fylgiskjal 1, verði tekin til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins, en skv. 2. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 38/2011 er staðfesting sveitarstjórnar áskilin svo hann öðlist gildi. Í samningsdrögunum er m.a. fjallað um

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

hýsingu og rekstur teymisins svo og kostnaðarþátttöku einstakra sveitarfélaga vegna þeirra kostnaðarþátta sem styrkur ráðuneytisins tekur ekki til.

Er einnig farið fram á að meðfylgjandi drög að verklagsreglum bráða- og viðbragðsteymis og stýrihóps, fylgiskjal 2, verði tekin til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins, enda er staðfesting hlutaðeigandi sveitarstjórna skilyrði fyrir gildistöku reglanna.

Meðfylgjandi til kynningar eru samstarfsyfirlýsing vegna þáttöku BOFS og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í miðlægu bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðar barna, fylgiskjal 3, en þar kemur fram staðfesting þeirra á vilja til þátttöku og samstarfs vegna verkefnisins.

Einnig eru meðfylgjandi til kynningar styrktarsamningur mennta- og barnamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar, fylgiskjal 4, og umsókn um slíkan styrk þar sem Reykjavíkurborg er tilgreind sem umsækjandi og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sem samstarfsaðilar, fylgiskjal 5.

Sé óskað frekari upplýsinga eða kynningar á framangreindu skulu beiðnir þess efnis berast SSH í netfangið ssh@ssh.is. Er þess jafnframt óskað að upplýsingar um afgreiðslu málsins á vettvangi sveitarfélagsins verði sendar á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

1. *Drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi.*
2. *Drög að verklagsreglum bráða- og viðbragðsteymis og stýrihóps.*
3. *Samstarfsyfirlýsing vegna þátttöku BOFS og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.*
4. *Styrktarsamningur mennta- og barnamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar.*
5. *Umsókn um styrk til sveitarfélaga í þágu farsældar barna.*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026